

Nr. 012 / 12 Kóni II SH 52***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2682
Smíðaður: Reykjavík 2005 plast
Stærð: 11,8 brl. 14,5 bt.
Mesta lengd: 12,06m Skráð lengd: 11,93 m
Breidd: 3,28 m Dýpt: 1,31m
Vél: Volvo Penta 334 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Kóni II ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. júlí 2011 var Kóni II SH 52 í Ólafsvík. Veður: NA 8-10 m/s.

Leggja átti bátinum að olúbryggju, sem er flotbryggja, en vegna vinds sem stóð af bryggjunni fauk báturinn frá. Í einni atrennunni setti hann landfestartógið fast á polla og ætlaði síðan að klofa/stökkva með það yfir lunninguna og upp á bryggju. Við það rak hann annan fótinn í bryggjuna með þeim afleiðingum að hann féll á hana og rakst á bryggjupolla. Hann slasaðist á baki og öxl.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn taldi orsök slyssins hafa verið fljótfærni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.